

FMR	
Málsnr. 06050625	
Abm: H.L.	Bréfal: 03.40
Mótt:	Ljós:

Stofnanasamningur

**á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra og aðildarféлага BHM frá 28. febrúar 2005
og fjármálaráðherra og Kjarafélags Tæknifræðifélags Íslands og Stéttarfélags
verkfræðinga frá 9. mars 2005
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**

1. gr. – Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til þeirra sem starfa hjá Fasteignamatí ríkisins og eru félagsmenn í aðildarfélögum BHM sem stóðu að samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarféлага BHM 28. febrúar 2005, Kjarafélags Tæknifræðifélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Samningurinn gildir frá 1. maí 2006 og falla þá úr gildi fyrri stofnanasamningar framangreindra féлага við Fasteignamat ríkisins.

2. gr. - Markmið

Markmið stofnanasamnings eru samkvæmt samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarféлага þessa samnings um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila. Sérstök markmið eru:

- að gefa stofnuninni tækifæri á að bæta og þróa starfsemi sína,
- að launakerfið sé gegnsætt og ákvarðanir um laun teknar með málefnalegum hætti,
- að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að auka skilvirkni og hagræðingu hjá stofnuninni og starfsmenn njóti ábata af því,
- að rækta þau gildi að starf hjá stofnuninni fari saman við heilsusamlegt líf og rækt við fjölskyldu- og einkalíf,
- að gefa starfsmönnum færi á þróun í starfi og símenntun henni tengdri svo sem með þátttöku í ráðstefnum, endurmenntunarnámskeiðum og/eða viðurkenndu framhaldsnámi.

3. gr. - Starfaflokkar


Röðun starfa í launaflokka byggir á eftirfarandi flokkun starfa:

A
Starfsmaður sem beitir sérhæfðri þekkingu og færni við lausn verkefna, meðal annars skráningu og/eða mati fasteigna og/eða viðfangsefnum stoðdeilda, og lýtur stjórn og ber ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni við framkvæmd þeirra. Starfi í þessum flokki er að lágmarki raðað í 4. launaflokk.

B
Starfsmaður sem stýrir og ber ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni á framkvæmd og þróun verkefna er varða tiltekna þætti í starfi stofnunarinnar, verkferla og kerfa er verkefnið krefst, og tilheyrandi samskiptum og leiðbeiningum. Störfum í þessum flokki er að lágmarki raðað í 7. launaflokk.

C
Starfsmenn sem stýra og bera ábyrgð á starfi og þróun starfsdeilda sem fara með tiltekna málaflokka innan stofnunarinnar eða annast þjónustu stofnunarinnar á tilteknu landsvæði. Störfum í þessum starfaflokki er að lágmarki raðað í 9. launaflokk.

Starfsmaður með mastersgráðu, eða samsvarandi menntun, raðast einum launaflokki umfram grunnröðun viðkomandi starfaflokks og starfsmaður með doktorsgráðu raðast tveimur launaflokkum umfram grunnröðun viðkomandi starfaflokks.



 H. L.

 S. H.

 K. D. P.

 A. G. B.

4. gr. – Persónu- og tímabundnir þættir

Persónu- og tímabundnir þættir sem ráða röðun í álagsþrep innan launaflokks eru:

a) Persónubundnir þættir:

- starfsreynsla ýmist innan stofnunar eða í sambærilegum störfum,
- sérstök hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum og til samskipta og samvinnu,
- viðvarandi þátttaka í þróun kerfa, ferla og verklags,
- sérhæfð þekking eða menntun,
- framúrskarandi afköst,
- framtak starfsmanns við að afla sér símenntunar og þekkingar.

b) Tímabundnir þættir

- viðbótarábyrgð í starfi,
- viðbótarálag í starfi,
- sérstakt frumkvæði í starfi.

Forsendur persónu- og tímabundinna þátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða ef starfsmaður óskar þess.

5. gr. – Ýmis atriði

Um framkvæmd stofnanasamningsins fer samkvæmt ákvæðum í samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarféлага BHM frá 28. febrúar 2005 og fjármálaráðherra og Kjarafélags Tæknifræðifélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila frá 9. mars 2005.

Reykjavík 22. maí 2006

F.h. Fasteignamats ríkisins

Haukur Brynjólfsson
Einir Hóskuldur
Eyjólf Valgússon

F.h. Samráðsnefndar aðildarféлага samningsins

Ólafur Guðonsson
Kristín Ósk Hlynósdóttir
Kennar Davíð Þorvaldsson
Berglind Sigvaldadóttir
Alba Guðrún Beck

Bókun

Í samræmi við markmið samkomulags fjármálaráðherra og aðildarféлага BHM frá 28. febrúar 2005 og fjármálaráðherra og Kjarafélags Tæknifræðifélaga Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga frá 9. mars 2005 um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila, um að taka tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða; starfsmannastefnu Fasteignamats ríkisins um sömu atriði; og að teknu tilliti til fjárheimilda stofnunarinnar, er stefnt að því að þróa samsetningu heildarlauna þannig að vægi dagvinnulauna sé aukið og dregið úr yfirvinnu án þess að það dragi úr vinnuskilum eða framleiðni stofnunarinnar. Endurskoða skal grunnröðun starfaflokka eigi síðar en 1. janúar 2007.

HD
EV.
KOH
KDP
BS.
AGB